



Ávarp forseta Íslands

Mörg þúsund árum áður en Ísland byggðist höfðu Kínverjar þróað menningu sem á flestan hátt var Evrópu fremri.

Þeir gerðu listgripni úr bronsi, beittu stíl og handbragði sem vekja með okkur í senn undrun og aðdáun.

Þeir breyttu brenndum leir í postulín, löngu áður en Evrópumenn náðu þeirri tækni; skreyttu á töfrandi hátt og verkin heilla þótt aldurinn nemi þúsundum ára.

Þeir skópu dýrgripni úr jaði sem eru slík djásn að hvergi er að finna aðra eins. Skáru úr bambus, viði, fílabæini og öðrum efnum heila veröld: fjöll, fólk, dýr – gerðu sjónarspil mannlífs og náttúrunnar ævarandi.

Allt þetta og margt annað gefst okkur nú að líta í Kópavogi þegar efnt er til glæsilegrar sýningar í Gerðarsafni en hún er liður í menningarhátíð Íslands og Kína.

Enn á ný færir Kópavogur okkur heimslit og þjóðararf úr fjarlægum löndum. Árlega býður bærinn okkur til einstæðrar veislu og styrkir um leið vináttubönd Íslendinga við forystuþjóðir í öðrum álfum. Áður frá Evrópu og Norður-Ameríku; nú höfuðþjóð Asíu, fjölmennasta ríki heims.

Þessi árangur Kópavogs er einstæður í menningarsögu Íslendinga, bæjarstjórn og íbúum öllum til mikils sóma.

Kínverjar sýna Kópavogi og þjóðinni allri einstæðan vináttuvott með því að færa okkur dýrgripni, fornminjar og listmuni frá Wuhan, héraði sem nýtur sögufrægðar fyrir aldalanga forystu í listrænni sköpun Austurlanda.

Íslendingar kunna vel að meta slíkt vinarbragð og færa Kínverjum einlægar þakkir.

(undirskrift)